

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2011.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta). 139. löggjafarþing 2010-2011, þskj. 1251.– 727. mál.

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 49/2005 um fullnustu refsinga (hér eftir nefnd „lögin“).

Laganefnd telur ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið og einstök ákvæði þess:

1. Í 2. gr. laganna er lagt til að á eftir 24. gr. laganna komi ný grein 24. a., sem hljóði svo:

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi getur afplánun undir rafrænu eftirliti verið 30 dagar. Slík afplánun getur lengst um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta.

- (a) Í 1. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir að fangelsismálastofnun geti leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, „*enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans*“. Í greinargerð með frumvarpinu er rætt um að búnaðurinn geti t.d. falist í síma með staðsetningarbúnaði og myndavél. Þá segir í greinargerðinni: „*Lagt er í hendur fangelsismálastofnunar að ákveða nánar hvers konar búnaður kemur til greina og mæla fyrir um eftirlitið að öðru leyti*“.

Laganefnd telur æskilegt að afmarkað verði efnislega í ákvæðinu hvers konar búnað getur þar verið um að ræða, í stað þess að ákvörðunarvald um búnaðinn verði alfarið í höndum fangelsismálastofnunar, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hér vegast væntanlega á sjónarmið um persónuvernd annars vegar og öryggissjónarmið hins vegar. Vissulega má telja eðlilegt og sanngjarnt að fangi, sem afplánar undir rafrænu eftirliti, verði að gefa eftir hluta af friðhelgi sinni og einkalífi. Í ljósi jafnræðissjónarmiða má hins vegar gera kröfu um að löggjafinn afmarki úrræði mat stjórnvaldsins í þessum efnum. Sem dæmi mætti nefna hvort löggjafinn sjái e.t.v. ástæðu til að banna (eða heimila) fangelsismálastofnun að krefjast þess að fangar í afplánun beri kvikmyndatökuvél, sem sendir rauntíma upptöku til stofnunarinnar 24 klst. á sólarhring.

- (b) Af athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu má ráða að afplánun undir rafrænu eftirliti geti verið 30 dagar hið minnsta. Þetta mætti koma fram með skýrari hætti í 2. mgr. greinarinnar.

Í 2. mgr. greinarinnar mætti jafnframt skýra betur hvað átt er við með orðunum „*afplánun getur lengst um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð*“, og tilgreina í hvaða tilvikum afplánunin „*getur*“ lengst og með hvaða hætti það gerist.

2. Með 2. gr. frumvarpsins er einnig lagt til að í nýrri grein, 24. b., verði meðal annars gert að skilyrði fyrir því að rafrænt eftirlit með fanga komi til greina „*að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti*“. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpinu segir: „*Með þessu er átt við að telja verður líklegt að hann geti staðið við skilyrði sem um rafrænt eftirlit gilda og að þetta úrræði teljist líklegt til að beina viðkomandi inn á aðrar brautir en áframhaldandi afbrot*“. Laganefnd telur æskilegt að hugtakið „*hæfur*“ verði afmarkað nánar efnislega í ákvæðinu sjálfu.
3. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að í 1. mgr. 27. gr. laganna komi meðal annars eftirfarandi texti: „*Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði, enda nemi sá hluti samtals aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar að jafnaði*“.

Það er erfitt að meta þýðingu orðanna „*að jafnaði*“ í þessu sambandi. Þannig er óljóst hvort heimilt er að fara yfir mörkin um 1/5 í einstökum tilvikum og þá hvenær og hversu langt, hvort löggjafinn ætlar til þess að meðaltalið í þessum efnum sé 1/5 þó að einstök mál fari fram úr því hlutfalli o.s.frv. Þetta mætti gjarnan skýra í texta ákvæðisins.

Af hálfu laganefndar LMFÍ eru ekki gerðar frekari athugasemdir við framangreint frumvarp.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Eva Bryndís Helgadóttir, hrl.